

Sp.**725. Svar****[336. mál]**

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Daníelsdóttur um fullvirðisrétt.

Ráðuneytið sendi fyrirspurn þessa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og hefur nú fengið eftirfarandi upplýsingar:

1. Skipting á fullvirðisrétti verðlagsárið 1987–1988.

Sýsla	Mjólk		Blönduð bú		Sauðfjárbú	
	Samtals	Undir 300	Samtals	Undir 300	Samtals	Undir 300
Gullbringu- og Kjósarsýsla	9	3	18	4	66	64
Borgarfjarðarsýsla	20	6	66	15	101	90
Mýrasýsla	19	4	58	14	78	60
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	8	2	56	14	108	92
Dalasýsla	7	1	40	13	117	77
Barðastrandarsýsla	14	10	25	10	65	50
Ísafjarðarsýsla	3	2	43	15	76	58
Strandasýsla	0	0	4	0	127	84
Vestur-Húnavatnssýsla	6	2	47	8	124	70
Austur-Húnavatnssýsla	11	1	62	11	134	99
Skagafjarðarsýsla	25	6	113	29	220	198
Eyjafjarðarsýsla	42	2	167	16	108	98
Suður-Pingeyjarsýsla	28	7	115	24	182	153
Norður-Pingeyjarsýsla	3	0	2	0	110	63
Norður-Múlasýsla	9	3	26	6	220	164
Suður-Múlasýsla	10	8	60	19	140	119
Austur-Skaftafellssýsla	4	0	34	6	74	55
Vestur-Skaftafellssýsla	7	4	80	20	105	81
Rangárvallasýsla	26	5	178	20	179	161
Árnessýsla	73	8	184	17	193	172
Samtals	324	74	1378	261	2527	2008

2. Aldursskipting framleiðenda með undir
300 ærgilda fullvirðisrétt.

Sýsla	70 ára og eldri	51–70 ára	31–50 ára	30 ára og yngri	Óvíst
Gullbringu- og Kjósarsýsla	25	31	13	1	1
Borgarfjarðarsýsla	25	46	33	6	1
Mýrasýsla	17	29	27	5	0
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	22	42	32	10	2
Dalasýsla	22	35	21	11	2
Barðastrandarsýsla	13	34	17	6	0
Ísafjarðarsýsla	16	39	15	4	1
Strandasýsla	14	30	37	3	0
Vestur-Húnavatnssýsla	20	37	20	3	0
Austur-Húnavatnssýsla	26	40	35	8	2
Skagafjarðarsýsla	29	106	86	12	0
Eyjafjarðarsýsla	19	54	40	3	0
Suður-Pingeyjarsýsla	26	84	65	9	0
Norður-Pingeyjarsýsla	12	31	15	5	0
Norður-Múlasýsla	24	82	52	15	0
Suður-Múlasýsla	29	67	42	8	0
Austur-Skaftafellssýsla	12	25	18	6	0
Vestur-Skaftafellssýsla	31	41	28	5	0
Rangárvallasýsla	49	84	42	11	0
Árnessýsla	38	88	60	10	1
Samtals	469	1025	698	141	10

Greinargerð með töflunum.

1. Í 1. töflu er sýnd skipting fullvirðisréttar og er þar skipt eftir því hvort þar er um að ræða bú með einhliða mjólkurframleiðslu, blandaða framleiðslu eða einhliða sauðfjárframleiðslu. Allar tölur án slíkrar skiptingar eru mjög villandi eins og taflan sýnir glögg.

Hér er réttur talinn miðað við fullvirðisréttarnúmer (þau eru stundum fleiri á sömu jörð ef þar eru fleiri aðilar með aðskilinn búrekstur). Sleppt er öllum þéttbýlisbúum. Þá er sleppt þeim sem hafa minna en 10 ærgilda fullvirðisrétt.

Athygli er vakin á því að þegar þetta er unnið er ekki lokið úthlutun búnaðarsambanda vegna mjólkur á Snæfellsnesi, í Dalasýslu og á vissum svæðum á Austurlandi. Einstaka mjólkurframleiðandi og blönduð bú á þessum svæðum kunna að fara yfir 300 ærgilda mörkin þegar úthlutun er lokið.

Kaup Framleiðnisjóðs eru komin í skrár fyrir mjólkurrétt, en ekki fyrir sauðfjár-
rétt. Bent skal á að allmörg bú í Barðastrandarsýslu, sem teljast mjólkurframleiðslubú,
eru bú sem eru fjárlaus sem stendur eftir niðurskurð sauðfjár vegna riðu. Slíkt á einnig
við um einstakar jarðir á öðrum svæðum. Fjölarga fleiri þætti þarf að hafa í huga þegar
þessar tölur eru notaðar.

2. Ekki er tekið fram á hvern hátt óskað er að aldursskipting sé tilgreind og er því valin sú skipting sem sýnd er í 2. töflu. Hér er tekinn aldur þess sem talinn er fyrstur fyrir viðkomandi búmarksnúmeri.

3. Bændur með 300 ærgilda bú og minna, án annarra tekna.

Upplýsingar þær, sem hér er beðið um, er ekki að finna í gögnum Framleiðsluráðs. Slíkar upplýsingar eru líklega ekki tiltækar nema þá hjá skattyfirvöldum. Á það má samt benda að í búrekstrarkönnunum, sem Ræktunarfélag Norðurlands hefur látið vinna fyrir Norðurland og Búnaðarsamband Vestfjarða á sínu starfssvæði, er að finna upplýsingar sem lúta að þessum þætti. Sýnir 1. tafla samt augljóslega að verulegur hluti sauðfjárbúskapar er orðinn hliðarframleiðsla með annarri tekjuöflun.